



Upprætt loftmynd - yfirlitsuppráttur - mkv. 1:2.000 í A3

Stutt greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur ekki verið hægt að stofna lóðir á grundvelli gildandi deiliskipulags í Brautarholti á Skeiðum. Með vaxandi eftirfylgni við skráningu fasteigna kom í ljós ákveðin óvissa um eignarhald lands í Brautarholti og landnúmera lóða. Í samvinnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og landeigenda á Húsatóftum II er hér gerð grein fyrir þeim spildum sem vitað er að fyrrum Skeiðahreppur hefur keypt úr landi Húsatófta II en ljóst er að spildurnar koma allar úr landi Húsatófta II sem er með landeignanúmerið L166472.

Hér að neðan eru gögn sem skýra eignarland Skeiða og Gnúpverjahrepps í Brautarholti og vísa númerin til samsvarandi númera á kortamyndinni hér til vinstri:

1. Skiptablað milli Húsatófta I og Húsatófta II dags. 15. maí 1948, þar er talað um malarnám Vegagerðarinnar í Brautarholti, en ekki gerð nánari grein fyrir því. Engin lóðagögn vegna malarnámu Vegagerðarinnar finnast sbr. fyrirspurn og svar þeirra frá 11. júní 2019. Spildan mælist um 1,6 ha á upprætti loftmynd. Lóð á spildunni hefur landeignanúmerið L166449.
2. Yfirlýsing um afsal dags. 30. des. 1966 og uppráttur dags. ágúst 1951. Þinglýst 17. jan. 1967 nr. 388. Árið 1932 var hafist handa um byggingu skóla- og samkomuhúss að Brautarholti. Þá seldu eigendur jarðarinnar um 1ha úr jörðinni Húsatóftum og jafnframt gáfu þeir hreppnum 1ha, þannig eignaðist hreppurinn 2ha lands undir skólabyggingu. Mælist 1,8 ha á upprætti loftmynd. Spildan hefur landeignanúmerið L166445.
3. Afsal dags. 22. des. 1968, móttekið til þinglýsingar 19. febrúar 1969, nr. 86. Seld landspilda að stærð 0,77 ha lands. Mælist 0,73 á upprætti loftmynd.
4. Afsal og uppráttur dags. 29. des. 1989, móttekið til þinglýsingar 15. febrúar 1990, nr. 444. Um er að ræða spildu sem er 0,29 ha,
5. Afsal og uppráttur dags. 29. des. 1989, móttekið til þinglýsingar 15. febrúar 1990, nr. 444. Spilda sem er 0,13 ha, er látin í té til umræða (ekki til eignar) 6m breidd landspilda austan við spildu nr. 4, og fylgja henni kvaðir um girðingu og skjólbelti.
6. Kaupsamningur 29. des. 1993, þá er seld spilda, tún sunnan og austan við Skeiðalaug og vesta við íþróttavöllinn (upprátt vantar), spildan er sögð vera um 4,5 ha að stærð, hún mælist 4,9 ha á upprætti loftmynd. Finnst ekki þinglýsing.
7. Íþróttavöllur 1,6ha - Samkvæmt Aðalsteini Guðmundssyni bónda á Húsatóftum II fékk Ungmennafélagið heimild til að útbúa íþróttasvæði í Brautarholti. Á einhverjum tímabili óskaði landeigandi eftir því við hreppinn að hann keypti landið. Í dag telst það því eign sveitarfélagsins að sögn AG landeiganda Húsatófta II. Sbr. lið nr. 2 er sýndur íþróttavöllur á upprætti sem gerður er árið 1951 af Zóphóniasí Pálssyni. Engir samningar finnast um þennan gjörning þó víða væri leitað.
8. Athafnasvæði sveitarfélagsins norðan vegar. Skemman er skráð hjá FMR og er lóðin (L179531) skilgreind sem iðnaðar og athafnalóð í aðalskipulagi og er hún 2.100m² að stærð. Húsið á bak við skemmuna er skráð sem íbúðarhús á íbúðarlóð (L166450) og lóðin er sögð 7.900m², mælist 7.500m² á upprætti loftmynd. Samtals mælist spildan á loftmynd 10.047m² að stærð.

Skýringar:

- | | |
|---|---|
| 1 | Mörk lands án kaupsamnings eða skýringa 1,6ha |
| 2 | Brautarholt 1932, seld spilda 2ha - L166445 |
| 3 | Brautarholt 1968, seld spilda 0,77ha |
| 4 | Brautarholt 1989, seld spilda, 0,29ha |
| 5 | Brautarholt 1989, land lagt í „té“, 0,13ha |
| 6 | Eignamörk skv. kaupsamningi 29. des. 1993, 4,5 ha |
| 7 | Mörk íþróttasvæðis 1,6 ha |
| 8 | Mörk lóðar norðan þjóðvegur 1 ha |

Fyrirvari:

Útmörk spildna geta verið örlítið ólík miðað við upphafleg gögn er voru skönnuð og sett inn á upprætta loftmynd. Mörk sem sýnd eru á þessu korti, hafa hlutaðeigandi aðilar (fltr. sveitarfélags og landeigendur Húsatófta II), orðið ásátt um að séu rétt m.v. forsendur.

Landstærðir í skýringum kortablaðs eru námundaðar stærðir, í hekturum talið.



BSB (A.S.D) [Signature]